



Besta leiðin
norður á Bíladaga



Besta leiðin
í hátíðarhöldin



Besta leiðin
á vit ævintýranna

Besta leiðin
inn í skólaárið



Besta leiðin
til að vera í núinu



Besta leiðin
í menninguna

Besta leiðin
á kvikmyndahátíð



Besta leiðin
í litagleðina

Besta leiðin
á Þjóðhátíð



©STRÆTÓ bs.
Pönglabakka 4
109 Reykjavík
Sími: 540-2700
www.straeto.is

Ritstjórn: Guðmundur Heiðar Helgason

Myndir: Jón Guðmundsson, Aníta Eldjárn, ENNEMM auglýsingastofa, Studioflux og flaticon.com

Umbrot: Guðmundur Heiðar Helgason.

Efnisyfirlit

Stjórn Strætó.....	4
Skipurit Strætó.....	5
Sviðsstjórar Strætó.....	6
Besta leiðin inn í framtíðina.....	8
Strætó leiðandi í þróun samgangna.....	10
Starfsánægja og stolt hjá Strætó.....	13
Föstum notendum fylgjar á milli ára.....	16
KÞBAVD að taka Strætó.....	19
Aukin tíðni og lengri þjónusta.....	21
Grænt Bókhald.....	22-27
Slys og tjón.....	28
Ársreikningur Strætó 2017.....	29-41

Stjórn Strætó 2017



Heiða Björg Hilmisdóttir
Reykjavík



Gunnar Valur Gíslason
Garðabær



Bryndís Haraldsdóttir
Mosfellsbær



Sverrir Óskarsson
Kópavogur



Guðlaug Kristjánsdóttir
Hafnarfjörður



Sigrún Edda Jónsdóttir
Seltjarnarnes

Strætó er í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu - Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

Stjórn Strætó er skipuð einum fulltrúa og einum til vara frá hverju aðildarsveitarfélagi. Fulltrúinn skal vera aðalmaður í sveitastjórn eða framkvæmdastjóri viðkomandi sveitarfélags.

Sömu skilyrði gilda um varamenn sem hver sveitastjórn tilnefnir.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og skal formennska skiptast milli aðildarsveitarfélaganna. Kjörtímabil stjórnar er 2 ár.

Hlutverk Strætó

Meginhlutverk Strætó er að veita almenna þjónustu á sviði almenningssamgangna, innan


þess fjárhagsramma sem fyrirtækinu er sett og nýta það fjármagn sem best til að koma til móts við óskir og væntingar viðskiptavina. Undir þetta hlutverk fellur rekstur almenningsvagna og ferðaþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra.

Stefna og framtíðarsýn

Stefna Strætó er að auka þjónustu og gæði til viðskiptavina sinna, efla almenningssamgöngur og auka hagkvæmni þeirra.

Framtíðarsýn Strætó byggist á því að viðskiptavinir kjósi að komast leiðar sinnar með Strætó vegna þess að það sé hagkvæmari, umhverfisvænni og jafnvel fljótlegri kostur en að nota einkabil.

Skipurit Strætó



Sviðsstjórn Strætó



Jóhannes S. Rúnarsson
Framkvæmdastjóri



Ástríður Þórðardóttir
Sviðsstjóri fjármála og reksturs.



Erlendur Pálsson
Sviðsstjóri farþegaþjónustu



Ingvar J. Hjaltalín
Sviðsstjóri rekstrarsviðs



Sigríður Harðardóttir
Sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs

- **Framkvæmdarstjóri** ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana og stefnu stjórnar. Framkvæmdastjóri veitir einnig leiðakerfi og skipulagssviði forstöðu.
- **Fjármál og rekstur** ber ábyrgð á fjármálum og bókhaldi, markaðs- og sölumálum og upplýsingatækni.
- **Farþegaþjónusta** annast rekstur Akstursþjónustu fatlaðs fólks og þjónustuvers.
- **Rekstrarsvið** ber ábyrgð á eigin akstri Strætó, verkstæðis, þvottastöðvar og lagers.
- **Mannauðs- og gæðasvið** sinnir málefnum starfsmanna frá ráðningu til starfsloka. Gæðamál, verkferlar og verkefnastjórnun tilheyra einnig þessu sviði.



**Pegar við
horfum til
framtíðar þá er Strætó
ekki eingöngu
fyrirtæki sem rekur
strætisvagna -
heldur fyrirtæki sem
stuðlar að vistvænum
samgöngum í hvaða
mynd sem er.**





Heiða Björg Hilmisdóttir
Stjórnarformaður Strætó.

Besta leiðin inn í framtíðina

Framtíðarsýn Strætó byggist á því að viðskiptavinir okkar kjósi að komast leiðar sinnar með Strætó vegna þess að það sé hagkvæmari, umhverfisvænni og jafnvel fljótlegri kostur en að nota einkabíl. Þróun Borgarlínu er í samræmi við þessa framtíðarsýn og því hefur Strætó eindregið stutt við bakið á verkefninu. Mikilvægt er að þjónusta Strætó og Borgarlínu verði samþætt svo fólk geti komist hratt og örugglega leiðar sinnar.

Stjórn Strætó hefur að undanfögnu ári lagt áherslu á að bæta þjónustu og ímynd Strætó. Notendum almenningssamgangna fer fjölgandi með hverju árinu og því mikilvægt að Strætó sé þjónusta sem eykur jöfnuð og bætir lífsgæði íbúa höfuðborgarsvæðisins. Frá árinu 2011 til 2017 hefur ferðum fjölgað um 30%, þ.e. úr 9 milljón ferðum á ári í 11,7 milljón. Markmið svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins er að árið 2040 verði a.m.k. 12% allra ferða á höfuðborgarsvæðinu farnar með almenningssamgöngum og gætu ferðir þá orðið um 40 milljónir á ári hverju.

Margir hafa bent á að einungis 4% ferða á höfuðborgarsvæðinu eru farnar með Strætó og hefur það hlutfall haldist óbreytt síðan árið 2013. Þessar tölur eru samkvæmt ferðavenjukönnun Vegagerðarinnar, en kannanir sem Gallup framkvæmir á hverju ári sýna eftirfarandi niðurstöður:

- Árið 2017 notuðu 18% íbúa höfuðborgarsvæðisins Strætó að minnsta kosti einu sinni í viku.
- Árið 2017 notuðu 64% svarenda Strætó að minnsta kosti einu sinn á ári. Þetta hlutfall var 40% árið 2013.
- 16% erlendra ferðamanna notuðu þjónustu Strætó árið 2017.

Daglegir notendur í akstursþjónustu fatlaðs fólks, sem Strætó sinnir einnig samkvæmt þjónustulýsingu frá sveitarfélögunum, eru um 2.000 og farnar eru um 40.000 ferðir í hverjum mánuði.

Strætó sem vistvænn samgöngukostur

Til þess að styðja enn frekar við vistvænar samgöngur þá er stefnt að koma upp öruggum hjólageymslum

og hjólaleigum við stórar biðstöðvar ásamt frekara samstarfi við deilíbílafyrirtæki. Þegar við horfum til framtíðar þá er Strætó ekki eingöngu fyrirtæki sem rekur strætisvagna - heldur fyrirtæki sem stuðlar að vistvænum samgöngum í hvaða mynd sem er.

Strætó á að vera umhverfisvænn kostur og erum við stöðugt að leita leiða til að tryggja að svo sé. Nú er unnið að áætlun um hvernig Strætó getur verið laust við losun allra gróðurhúsalofttegunda árið 2030. Á heimasíðu Strætó má finna skýrslu þar sem settar eru fram nokkrar sviðsmyndir um hvernig þetta er mögulegt. Strætó hefur nýtt metanvagna og keyptir hafa verið 14 nýir rafvagnar. Fyrstu fjórir vagnarnir komu í mars og með þeim minnkar Strætó losun gróðurhúsalofttegunda um 500 tonn á ári.

Sem formaður stjórnar legg ég áherslu á að Strætó verði raunhæfur samgöngukostur fyrir alla, ásamt því að vera umhverfisvæn, fljótleg og örugg leið til að komast á milli staða. Við veitum góða þjónustu og erum stöðugt að leita leiða til að gera betur fyrir eigendur Strætó – íbúa á höfuðborgarsvæðinu og samfélagið allt.

Við í stjórninni höfum tekið margar ákvarðanir á síðastliðnum misserum til að bæta þjónustu Strætó. Við höfum meðal annars aukið tíðni, lengt akstur tíma, komið á tilraunaverkefni með næturakstri frá miðborginni út í helstu byggðakjarna höfuðborgarsvæðisins. Við samþykktum einnig þjónustustefnu og höfum lagt mikla áherslu á öryggismál svo farþegar sem eru eigendur Strætó finni að þeir séu velkomnir og öruggir í fallega gula vagninum.

Árið 2017 í tölum

Rafvagnar:



14 rafvagnar munu koma til landsins árið 2018.



Strætó mun minnka losun gróðurhúsalofttegunda um **1.750 tonn á ári**.



Þeir ganga fyrir hreinni endurnýjanlegri orku.



320 km drægni á einni hleðslu

Eigendur Strætó:



Reykjavík: 60,30%

Kópavogur: 14,60%

Hafnarfjörður: 12,50%

Garðabær: 6,24%

Mosfellsbær: 4,07%

Seltjarnarnes: 2,29%

Besta leiðin

Akstursþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra



80

bílar aka daglega

2.000

farþegar daglega

40.000

ferðir á hverjum mánuði

Fargjöld

32%

nota appið



10%

greiða með pening



27%

nota strætómiða



31%

nota strætókort





Strætó leiðandi í þróun samgangna

Rekstur Strætó gengur vel, fargjaldatekjur eru að aukast og jákvæð viðhorf gagnvart fyrirtækinu eru að aukast. Strætó heldur áfram að setja umhverfismál í forgang og útblástur gróðurhúsalofttegunda mun minnka umtalsvert á þessu ári. Það eru spennandi tímar framundan hjá Strætó og ýmsar tækninýjungar eru væntanlegar árið 2018.

Rekstur gengur vel

Fyrstu mánuðir ársins 2017 mörkuðu lokapunkt á þeirri hagræðingu og endurskipulagningu sem ráðist var í árið 2015. Við erum ánægð með afkomuna á árinu og ber hún vott um að fjárfestingar hafi skilað hagræðingu í rekstri.

Fargjaldatekjur Strætó jukust um 69 m.kr. milli ára, eða um 3,8%. Tekjurnar voru hins vegar 2,4% lægri en áætlun gerði ráð fyrir en ástæður þess má einna helst rekja til minni sölu nemakorta fyrir 18 ára og eldri. Heildarfargjaldatekjur Strætó fyrir árið 2017 voru 1.889 m.kr. Vægi fargjaldatekna af heildarrekstrarkostnaði er um 34%.

Aukin notkun á upplýsingatækni hefur einnig spilað stórt hlutverk í hagræðingu Strætó. Má þar nefna nýtt farþegatalningarkerfi sem veitir nákvæmari upplýsingar um þarfir og notkun viðskiptavina á leiðakerfinu sem leiðir til betri ákvörðunartöku.

Allt þetta hefur skilað sér í jákvæðara viðhorfi almennings til Strætó. Í könnun Gallup árið 2017 voru 54% aðspurðra jákvæðir gagnvart Strætó en árið 2015 voru þeir aðeins 39%. Neikvæðum svarendum fækkaði úr 27% árið 2015 í 16% árið 2017.

Besta leiðin fyrir umhverfið

Árið 2016 var gengið frá kaupum á níu rafvögnum fyrir um 620 m.kr og fimm til viðbótar í byrjun árs 2018. Áætlun gerði ráð fyrir að vagnarnir sem keyptir voru 2016 kæmu til landsins 2017 en töluverðar tafir hafa orðið á afhendingu þeirra. Fyrstu fjórir vagnarnir komu til landsins í mars 2018. Á árinu var einnig haldið áfram fjárfestingu í farþegatalningarbúnaði og uppfærslu á appinu og heimasíðunni, ásamt reglulegum endurbótum á öðrum upplýsingakerfum Strætó.

Strætó er þátttakandi í vetnisverkefni á vegum Evrópusambandsins. Sambandið veitir styrki til kaupa á vetnisvögnum með því markmiði að stuðla að framþróun tækninnar og gera hana aðgengilegri á markaði. Talið er að vetni sé umhverfisvænasta lausn sem völ er á og því mikill áhugi á verkefninu innan veggja Strætó.

Strætó er framsækið fyrirtæki

Strætó mun innleiða nýtt greiðslukerfi þar sem áhersla verður lögð á snertilausar greiðslulausnir. Jafnframt verður haldið áfram að bæta upplýsingagjöf til viðskiptavina á heimasíðu, appi og á helstu biðstöðvum Strætó. Uppfærsla á þráðlausu neti í vögnunum og myndavélabúnaði er nú í fullum gangi

„Mobility as a Service“ eða MaaS er stefnubreyting sem fyrirtæki í almenningssamgöngum hafa innleitt víðsvegar um heiminn. Stefnan snýst í stuttu máli um að fyrirtæki í almenningssamgöngum stuðli að fjölbreyttum og vistvænum samgöngumátum. Strætó er þátttakandi í þessari stefnubreytingu, en dæmi um það er samstarf okkar við Zipcar. Í janúar 2018 var námsmönnum boðið að kaupa sex mánaða nemakort sem veitti einnig aðgang að bílum Zipcar. Gert er ráð fyrir áframhaldandi samstarfi við Zipcar og nýjar útfærslur verði kynntar á næstunni. Hugmyndir eru einnig uppi um samstarf við hjólaleigur í miðborginni.

Strætó er fyrirtæki sem er leiðandi í nýsköpun og þróun samgöngulausna fyrir íslenskt samfélag. Þegar horft er til framtíðar þá er Strætó ekki eingöngu fyrirtæki sem rekur strætisvagna - heldur fyrirtæki sem stuðlar að vistvænum samgöngum í hvaða mynd sem er.

Árið 2017 í tölum

Höfuðborgarsvæðið



Farpegafjöldi:

11,7 milljón

Ekna vegalengdir:

9.000.000 km



Samsvarar um 23 ferðum til tunglsins

Samalagður akstur tími:

412.362 klst.

Farpegar:

18%

Íbúa höfuðborgarsvæðisins nota Strætó að minnsta kosti einu sinni í viku. Þetta hlutfall var **10%** árið 2015

64%


Íbúa höfuðborgarsvæðisins notuðu Strætó á einhverjum tímapunkti árið 2017

16% ferðamanna notuðu Strætó árið 2017



Það eru um **320.000** ferðir.

Landsbyggðin



Farpegafjöldi:

433 þúsund

Ekna vegalengdir:

3.700.000 km



Samsvarar 925 ferðum í kringum hnöttinn

Samalagður akstur tími:


67.135 klst.



Um


45.000

farpegar ferðast með Strætó á hverjum degi



900

biðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu



125 vagnar eru á ferð í Reykjavík yfir háannatíma.



Handhafar strætókorta

12.000

2015

14.900

2017



Besta 
leiðin

er að nota appið



Skúli Örn Sigurðsson
Sölustjóri Strætó

Föstum notendum fjölga á milli ára

Þjónusta og vöruframboð Strætó er í stöðugri þróun og árið 2017 var engin undantekning. Breytingar voru gerðar á netverslun Strætó og þjónusta var aukin á landsbyggðinni. Strætó hefur í gegnum tíðina lagt áherslu á að fjölga föstum notendum og hefur hlutfall korthafa á höfuðborgarsvæðinu aukist á milli ára. App greiðslur eru að sækja í sig veðrið og hlutfall þeirra jókst gagnvart öllum öðrum greiðsluleiðum árið 2017.

Spennandi breytingar áttu sér stað í sölumálum Strætó á árinu 2017. Verslunin á straeto.is fékk yfirhalningu og auknir valmöguleikar á ýmsum vörflokkum litu dagsins ljós. Nú geta notendur á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni valið sér almennt kort frá einum mánuði og upp í 12 mánaða kort en áður var einungis í boði 1, 3 og 9 mánaða kort.

Í desember síðastliðinn gafst farþegum Strætó í fyrsta skipti kostur á að kaupa ferðir á landsbyggðinni í gegnum Strætóappið. Þessi breyting hafði í för með sér aukna þjónustu fyrir almenningssamgöngur á landsbyggðinni og búast má við að viðbótin muni koma erlendum ferðamönnum vel í sumar.

Fleiri fastir notendur Strætó

Fjöldi korthafa árið 2017 var 14.900 en árið 2015 voru þeir 12.000. Fjölgunina má m.a. rekja til nýrra árskorta og áskriftamöguleika í appinu. Fjöldi ferða 2017 eru um 11,7 milljónir samkvæmt farþegatalningu og er það aukning um 1 milljón ferða frá árinu 2015.

Í könnun Gallup sem framkvæmd var í maí 2017 sögðust 18% svarenda nota Strætó að minnsta kosti vikulega en í febrúar árið 2015 var þetta hlutfall 10%. Í febrúar 2015 sögðu 53% aldrei nota Strætó en í maí 2017 var hlutfallið komið í 36%. Þannig að draga má þá ályktun að 64% þeirra sem spurðir voru líta á Strætó sem valkost.

Í gegnum árin hefur áhersla verið lögð á að fjölga föstum notendum Strætó og hluti af því er að bjóða upp á fjölbreyttara úrval árskorta. Á síðustu sex árum hafa nokkrar nýjar vörur litið dagsins ljós sem eru sniðnar að þörfum notenda höfuðborgarsvæðisins. Á árinu 2011 voru 2,5% íbúa höfuðborgarsvæðisins korthafar hjá Strætó, en árið 2017 var þetta hlutfall komið í 6,9%. Sjá töflu 1.

Fyrirtækjum sem gert hafa samgöngusamning við Strætó heldur áfram að fjölga og telja nú 268 fyrirtæki, sem er nánast tvöföldun frá því árinu á undan. Á árinu voru um 50 fyrirtæki og skólar heimsóttir í þeim tilgangi að kynna þjónustu Strætó.

Ár	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Fjöldi korthafa	5.043	8.324	8.821	9.168	11.990	13.316	14.899
Íbúaföldi á höfuðborgarsvæðinu* *samkvæmt gögnum Hagstofunnar	202.131	203.374	205.470	211.066	212.195	215.030	216.658
Hlutfall korthafa:	2,5%	4,1%	4,3%	4,3%	5,7%	6,2%	6,9%

Tafla 1: Fjöldi korta og korthafa Strætó frá árinu 2011-2017

Þessar heimsóknir skiluðu sér í 17% aukningu á sölu Samgöngukorta á milli ára. Sífellt fleiri einstaklingar á vinnumarkaði eru því farnir að reiða sig á samgöngukerfi Strætó.

Aukin sala í appinu

Notendum Strætóappsins fjölgaði á milli ára og má aukninguna m.a. rekja til fleiri erlendra ferðamanna sem nota appið. 32% af heildartekjum fyrirtækisins koma nú í gegnum Strætó appið. Heildarsala í appinu hefur aukist um 48% á milli ára og stóð appsalan í 597 m.kr í lok ársins 2017. Mestu aukninguna má hins vegar finna í áskrifendum í appinu sem fjölgaði um 74% frá árinu á undan og telja nú um 1.600 að meðaltali á mánuði.

13% færslna í appinu fara í gegnum erlend greiðslukort en þetta hlutfall var 5% árið 2016. Samkvæmt könnun sem Gallup framkvæmdi í ágúst 2017 sögðust 16% erlendra ferðamanna hafa notað


Strætó. Miðað við að fjöldi ferðamanna á Íslandi hafi verið um 2 milljónir árið 2017 þá má áætla að ferðir erlendra ferðamanna með Strætó séu að minnsta kosti um 320.000.

Önnur jákvæð þróun var aukið hlutfall árskorta sem afhend voru í appið í stað útprentaðra korta og eru nú um 40% árskorta í appinu.



Fargjaldasamsetning milli ára

Hlutdeild fargjalda í appinu hefur almennt aukist á milli ára í hlutfalli við aðra greiðsluvalmöguleika og fóru þau úr 23% árið 2016 í 32% árið 2017. Vinsældir appsins hafa dregið úr notkun allra annarra greiðsluleiða en þá helst farmiða sem falla úr 32% niður í 27% árið 2017. Bendir þetta til þess að farþegar sem sem greiða fyrir einstakar ferðir eru farnir að kjósa Strætó appið til að klára greiðsluna.

Hlutfallsskipting fargjalda 2017



Fargjaldasamsetning í appinu 2017



Fargjaldasamsetning og sundurliðun Strætó appsins árið 2017



Besta 
leiðin
 í vinnuna



Sigríður Harðardóttir

Mannauðsstjóri Strætó

Starfsánægja og stolt hjá Strætó

Hjá Strætó starfar öflugur hópur starfsfólks sem leggur metnað sinn í að framfylgja hlutverki fyrirtækisins og tryggja viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu. Í lok árs 2017 voru starfsmenn Strætó og starfsmenn verktaka á vegum Strætó samtals um 550 manns. Þar af starfa 280 hjá Strætó.


Skipting eftir aldri	Fjöldi karla	Fjöldi kvenna	Samtals fjöldi
20-29 ára	10	0	10
30-39 ára	41	15	56
40-49 ára	48	13	61
50-59 ára	54	18	72
60 ára +	74	8	82

Skipting eftir starfsaldri	Fjöldi
0-2 ár	87
2-5 ár	76
5-10 ár	28
10 ár +	89

Vinnustaðagreining: Gerð var vinnustaðagreining í febrúar 2017. Niðurstöður hennar gáfu skýra mynd af stöðu starfsmannamála á þeim tímapunkti. Jákvæð þróun átti sér stað frá fyrra ári, 2016, á öllum sviðum sem greiningin tók til. Það er ánægjulegt að starfsmenn virðast vera ánægðir í starfi sínu hjá Strætó og eru jákvæðir gagnvart fyrirtækinu. Á kvarðanum 1-5 þá mælist starfsánægja starfsfólks Strætó 4 sem er töluverð aukning frá árinu 2016 sem þá mældist 3,5. Þá jókst einnig stolt starfsmanna af fyrirtækinu og starfsmenn upplifðu meiri líðsheild og samvinnu.

Fræðslumál: Í áður nefndri vinnustaðagreiningu kom einnig fram að starfsmenn kölluðu eftir enn meiri fræðslu og endurmenntun. Sá málaflokkur hefur vaxið töluvert síðustu misseri þar sem reynt er að koma til móts starfsmenn. Fyrst ber að nefna endurmenntun atvinnubílstjóra en tvö námskeið í þeim flokki voru haldin á árinu. Á vormisseri verður síðasta námskeiðið í endurmenntun atvinnubílstjóra í þessari lotu, þ.e. fimmta og síðasta námskeiðið.

Starfsánægja Strætó árið 2016 og 2017



Næsta haust er svo ráðgert að fara aftur af stað með nýja námskeiðslootu þar sem gert er ráð fyrir einu námskeiði á ári næstu fimm árin.

Strætó er í farsælu samstarfi við Retor tungumálaskóla um íslenskukennslu fyrir útlendinga. Vagnstjórar Strætó og Kynnisferða hafa setið íslenskunámskeið stig I og II alls 120 klst. á mann. Þessi námskeið eru liður í því að gera íslensku að leiðandi tungumáli innan Strætó og veita útlendingum tækifæri til þess að efla sig í leik og starfi með því að öðlast betri færni í tungumálinu.

Fleiri námskeið voru haldin á árinu eins og t.d. nýliðanámskeið, skyndihjálpar, eldvarnarnámskeið og grunnnámskeið fyrir bílstjóra akstursþjónustu fatlaðra. Áfram verður áhersla á fræðslumál á komandi ári þar sem gert er ráð fyrir að enn fleiri starfsmenn Strætó verði virkir þátttakendur í fræðslustarfi og endurmenntun.

Ráðningar: Margir nýir starfsmenn bættust í hópinn á liðnu ári og aðrir hurfu til annarra starfa eða létu af störfum vegna aldurs. Miðað við mikla samkeppni á vinnumarkaði varðandi sókn eftir atvinnubílstjórum hefur gengið vel að manna lausar stöður vagnstjóra hjá Strætó. Starfsmannahópur Strætó er mjög fjölbreyttur og alþjóðlegur með ólíkan bakgrunn, menningu og þekkingu. Framundan eru samráðningar og er gert ráð fyrir talsvert fleiri samráðningum í ár en fyrri ár vegna breytinga á áætlunum Strætó.

Þjónusta: Í apríl 2017 var þjónustustefna Strætó samþykkt. Markmið hennar er að uppfylla hlutverk Strætó og veita viðskiptavinum góða þjónustu og gæði sem byggir á því að viðskiptavinir komist leiðar sinnar með Strætó á hagkvæman og umhverfisvænan hátt. Til þess að fylgja stefnunni eftir hefur verið myndaður þjónustuhópur sem samanstendur af starfsmönnum Strætó og sérfræðingum. Þessi hópur myndar kjarna í þjónustuverkefni sem allir starfsmenn verða þátttakendur í. Þá verður unnið sérstakt þjónustuefni fyrir alla starfsmenn sem dreift verður á árinu auk þess sem námskeið/fundir verða haldnir um þjónustu.

Gæðamál: Unnið hefur verið að miklum endurbótum á gæðakerfi Strætó – ISO 14001 á árinu. Flest allir ferlar hafa verið yfirfarnir eða nýir búnir til en umfram allt hefur kerfið verið einfaldað og gert notendavænna.

Öryggismál: Mikill vilji er fyrir því að efla þann málaflokk ennfrekar og gera alla starfsmenn meðvitaðri um mikilvægi öryggismála hvort sem þeir starfa sem vagnstjórar, á verkstæði, skrifstofu, þjónustveri, eldhúsi eða hvar sem er innan Strætó. Í lok árs var unnin stefnumótun með fulltrúum VÍS og verður framkvæmdáætlun mótuð í kjölfarið.

Heilsa og velferð: Frá upphafi árs 2017 hefur starfsfólki

gefið kostur á að sækja um íþróttastyrk til Strætó að upphæð 15.000 kr. Alls sóttu 87 starfsmenn um styrkinn sem nýttist þeim afar vel við kaup á kortum í ræktina, sund, dans, skíði eða til greiðslu árgjalda í golf, körfubolta eða fótbolta svo fátt eitt sé nefnt. Frá og með janúar 2018 var styrkurinn hækkaður í 20.000 kr. og er markmiðið að fjölga enn frekar þeim starfsmönnum sem nýta sér styrkinn.




Heilsufarsmælingar og bólusetning voru í boði í október. Niðurstöður mælinganna benda til þess að huga þarf enn betur að heilsufari og vellíðan starfsmanna. Strætó leggur áherslu á hvatningu til hreyfingar, hollt mataræði og að auka fræðslu til starfsmanna um heilsu og heilsufarstengd málefni.

Ný lög um persónuvernd: Ný Evrópulöggjöf á sviði persónuverndar mun taka gildi í maí 2018. Um er að ræða einar umfangsmestu breytingar sem gerðar hafa verið á persónuverndarlöggjöf í tuttugu ár. Megin tilgangur hennar er m.a. að einfalda regluverkið, veita einstaklingum ríkari vernd og auka skyldur fyrirtækja og stofnana á þann hátt að allt verklag sem varðar vinnslu og geymslu persónuupplýsinga þarf að vera skýrt og gegnsætt, skjölun persónuupplýsinga þarf að vera með ákveðnum hætti, öryggiskröfur fullnægjandi og fleira. Strætó hefur nú þegar hafið verkefni til að uppfylla skilyrði reglugerðarinnar.

Jafnlaunavottun: 1. janúar sl. tóku í gildi lög um jafnlaunavottun. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Við innleiðingu jafnlaunavottunar er stuðs við staðalinn ÍST 85. Nú þegar er hafin vinna við jafnlaunavottun hjá Strætó en talsverð vinna er framundan við að skilgreina og meta öll störf innan fyrirtækisins skv. staðlinum. Gert er ráð fyrir að sú vinna taki mest allt árið og í lok árs 2018 eða á fyrrihluta árs 2019 fái Strætó jafnlaunavottun.

Kynferðisleg áreitni/kynbundið ofbeldi: Mikil umræða um kynferðislega áreitni og kynbundið ofbeldi átti sér stað í samfélaginu á síðari hluta ársins 2017 og sér ekki fyrir endann á henni. Slík hegðun er aldrei liðin innan Strætó. Strætó mun á næstu mánuðum marka sér skýrari stefni og viðbragðáætlun í þessum málaflokki.

Meistaraverkið ykkar, gjörið svo vel!





Guðmundur Heiðar Helgason
Markaðs- og upplýsingafulltrúi Strætó.

KÞBAVD að taka Strætó

Heilmerktir vagnar voru áberandi í markaðsstarfi Strætó árið 2017. Strætó tók þátt í hönnunarmars með fagur fjólubláum strætisvagni. Í apríl vakti Gullvagninn verðskuldaða athygli á götum borgarinnar og var hann til að mynda tilnefndur til FÍT verðlauna á þessu ári. Blásið var til hönnunarkeppni Strætó síðastliðið sumar þar sem almenningur fékk tækifæri til þess að hanna sinn eigin strætisvagn. Keppnin sló rækilega í gegn og var hún tilnefnd til tveggja lúðra á Ímark deginum fyrir árið 2017.

Sýn Strætó í ímyndar- og markaðsmálum tók miklum breytingum snemma á síðasta ári. Meginmarkmiðið var að breyta viðhorfi almennings gagnvart Strætó og öðrum umhverfsvænum samgönguleiðum. Í kjölfarið varð slagorðið „Besta leiðin“ til og frasinn var áberandi í öllu markaðsefni yfir árið 2017. Leitast var eftir að gera Strætó að áberandi ferðamáta innan höfuðborgarsvæðisins og heilmerktir vagnar einkenntu árið.

Sem dæmi, þá var Strætó þátttakandi í hönnunarmars 2017 og skömmu síðar vakti Gullvagninn mikla athygli á götum borgarinnar. Í ljósi þess hve mikill áhugi fólks var á heilmerktum vögnum þá gaf Strætó almenningi kost á að hanna sinn eigin strætisvagn. Í samstarfi við auglýsingastofuna ENNEMM var sett á fót hönnunarkeppni Strætó á vefsíðunni *meistaraverk.is*.

Feministar og skátar

Keppnin var einföld. Notendur skráðu sig inn á vefinn *meistaraverk.is* í gegnum Facebook reikninginn sinn. Þegar skráningu var lokið þá gátu þátttakendur hannað og deilt sínum eigin strætisvagni á veggnum sínum. Þeir gátu einnig skotað innsendingar frá öðrum þátttakendum og kosið þá vagna sem þeim líkaði við. Vagninn sem fengi flest atkvæði myndi sigra keppnina og vinningstillagan myndi síðan keyra um götur borgarinnar næstkomandi haust.

Þrátt fyrir mikinn fjölda þátttakenda þá þróaðist keppnin fljótlega yfir í tveggja turna tal milli „KÞBAVD-vagns“ feminista og „Change“ vagn skátahreyingarinnar – en um 5.000 skátar voru

væntanlegir til landsins til að taka þátt í alþjóðlegu skátamót.



Eftir æsispennandi kosningabaráttu stóð KÞBAVD vagn Lenu Margrétar Aradóttur uppi sem sigurvegari. Vagninn hennar hlaut 6.960 atkvæði og skátavagninn endaði í öðru sæti með 6.783 atkvæði. KÞBAVD er skammstöfun á frasanum „konur þurfa bara að vera duglegri“, sem samkvæmt höfundu er kaldhæðin ádeila í jafnréttisumræðunni.

Tilnefningar til markaðsverðlauna

Hönnunarkeppnin stóð yfir í rúman mánuð og naut hún mikilla vinsælda. Vefurinn var heimsóttur meira en 300.000 sinnum og um 1.700 hannanir voru sendar inn. Rúmlega 50.000 manns greiddu atkvæði í keppninni. Strætó óskar sigurvegaranum til hamingju og þakkar öllum þeim sem tóku þátt í þessari skemmtilegu keppni, sem var æsispennandi fram að lokamínútu.

KÞBAVD-vagninn var afhjúpaður í Mjóddinni þann 21. júlí 2017. Lena Margrét, hönnuður vagnsins fór ásamt hópi íslenskra feminista í sérstaka jómfrúarferð niður í miðbæ Reykjavíkur þar sem sigrinum var fagnað.

Hönnunarkeppnin vakti gríðalega athygli í þjóðfélaginu og miklar umræður mynduðust í kringum keppnina. Hún var m.a. tilnefnd til FÍT verðlauna og tveggja lúðra í flokkunum „Samfélagsmiðlar“ og „Stafrænar auglýsingar“ en voru þetta fyrstu tilnefningar sem Strætó fær hjá Ímark.



Leidakerfi

Strætó



Valgerður Gréta Benediksdóttir
Samgöngusérfræðingur Strætó

Aukin tíðni og þjónusta

Árið einkenndist af vinnu við undirbúning umfangsmikilla leiðakerfisbreytinga og þjónustuaukningar. Farpegatalningarbúnaður er kominn í helming vagnaflotans og veitir hann nákvæmar upplýsingar um fjölda farþega og álagspunkta innan höfuðborgarsvæðisins. Það má teljast varnarsigur að farþegum Strætó fjölgað þrátt fyrir góðærið sem Íslendingar eru að upplifa.

Í mars árið 2017 var farið í umfangsmiklar byggingaframkvæmdir við Sæbraut og Kalkofnsveg. Í kjölfarið byrjuðu sex leiðir Strætó að aka Hverfisgötu í stað Sæbrautar. Mikil óvissa var í kringum þessar breytingar og veltu margir fyrir sér hvort umferðarálagið í miðbænum yrði of mikið eða hvort gatan yrði nægilega breið fyrir strætó. Niðurstöðurnar voru framar vonum og fjöldi farþega hefur lýst yfir ánægju sinni að strætó skuli aka um Hverfisgötu á nýjan leik.

Seinni hluti árs 2017 einkenndist af undirbúningsvinnu vegna leiðakerfisbreytinga og þjónustuaukningar sem taka átti gildi um áramótin. Helstu breytingar voru:

- Leið 6 var stytta og ekur hún núna á 10 mínútna tíðni á annatímum. Sama fyrirkomulag hefur verið á leið 1 í rúm ár og hefur það reynst mjög vel.
- Þjónustutími var lengdur á leiðum 1, 2, 3, 4, 5, 6, 11, 12, 15 og 18 til klukkan 01:00 á næturnar.
- Sex leiðir sinna næturakstri úr miðbæ Reykjavíkur aðfaranætur laugar- og sunnudaga. Leiðirnar eru eknar á um klukkutíma fresti frá klukkan 01:00 til 04:30.
- Sumarið 2018 verður engin sérstök þjónustuskerðing yfir sumartímann eins og tíðkast hefur síðastliðin ár.

Nýr talningabúnaður

Á árinu var nýjum talningarbúnaði bætt í fleiri vagna og er nú um helmingur vagnaflotans með búnað sem skráir öll inn- og útstig farþega. Vögnum með talningabúnað er skipt á milli leiða til að allar leiðar séu taldar. Fram að 2017 hefur einungis verið talið í október en nú er talið alla daga, allan ársins hring. Þetta gefur mun betri yfirsýn og þekkingu yfir farþegafjöldann á einstökum leiðum, hvar fólk kemur inn í vagninn, hvar það fer út og hvernig álagið dreifist yfir árið. Upplýsingar sem þessar eru undirstaða ákvarðana við hönnun leiðakerfis Strætó.

Farþegum Strætó hefur fjölgað jafnt og þétt, sem er jákvætt, sérstaklega í ljósi þess góðæris sem Íslendingar búa við í dag. Meðvitun fólks gagnvart mengun og svifryki hefur aukist og sífellt fleiri eru farnir að tileinka sé vistvænar samgöngur og billausan lífsstíl. Með auknum forgangi í umferð, þ.e. fleiri sérakreinum og forgangi á ljósum, er mögulegt að gera almenningssamgöngur að fljótlegri valkosti en einkabílinn og halda tímaáætlun betur þar sem umferðatafir hafa minni áhrif á umferð Strætó.

Samráð með stofnunum

Starfsmenn skipulagsdeildar hafa tekið þátt í samráðshópum um skipulags- og samgöngumál. Má þar nefna samráðshóp um framtíðar fyrirkomulag á BSÍ-svæðinu og við Hlemm, samgöngur á framkvæmdatíma við uppbyggingu Nýs Landspítala Háskólasjúkrahúss og samráðshópum um umferðaröryggisáætlanir sveitarfélaga og fleira. Einnig var fulltrúi skipulagsdeildar með í samráðshóp vegna Ferðavenjukönnunar 2017.

Ferðavenjukönnun 2017

Ferðavenjukönnun var framkvæmd í október 2017, þar sem ferðavenjur íbúa höfuðborgarsvæðisins voru athugaðar. Samkvæmt könnuninni eru 4% allra ferða á höfuðborgarsvæðinu farnar með Strætó, sem er sama hlutfall og árið 2013. Hins vegar hefur farþegum Strætó fjölgað töluvert á síðustu 4 árum skv. farpegatalningum og könnunum Gallup. Framangreint gefur því til kynna að almennt hefur ferðum fjölgað umtalsvert sem er í takt við aukinn umferðarþunga á höfuðborgarsvæðinu.

Einnig má benda á að í ferðavenjukönnun eru ekki taldar með ferðir erlendra ferðamanna sem eru hluti af aukinni umferð bifreiða og eru einnig mikilvægur hluti af farþegum Strætó. Niðurstöður Gallup könnunar frá því í ágúst 2017 sýna að 16% ferðamanna notuðu Strætó á höfuðborgarsvæðinu.



Grænt 
Bókhald

Umhverfis- og öryggismál

Rekstrarsvið Strætó hefur verið vottað samkvæmt kröfum ISO 14001 umhverfisstaðalsins og kröfum OHSAS 18001 staðalsins um heilsu og öryggi á vinnustað frá árinu 2013. Fyrirtækið leggur áherslu á að lágmarka neikvæð áhrif vagnaflotans á umhverfið og árlega eru sett fram markmið í málaflokknum. Nánar er hægt að lesa um stefnur Strætó á heimasíðunni, stræto.is.

Á árinu 2017 var gert ráð fyrir nýjum orkugjafa sem mælikvarða og vonir voru bundnar við að lækka kolefnisspor fyrirtækisins meira en raun bar vitni með tilkomu rafmagnsvagna, sem áætlað var að kæmu á götur höfuðborgarsvæðisins um mitt ár 2017. Ekki tókst að standa við markmiðið þar sem vagnarnir komu ekki til landsins á tilsettum tíma.

Vert er að benda á að tölur í umfjölluninni um grænt bókhald eiga aðeins við um eigin akstur Strætó en á blaðsíðu 24 má þó finna upplýsingar um eigin akstur Strætó og akstur verktaka, þ.e. vegalengdir og olíunotkun.

Vagnaflotinn sem rekinn er af Strætó samanstendur af 89 vögnum, 87 diesel vögnum og tveimur metanvögnum. Vagnafloti verktaka eru 63 vagnar, þ.e. 40 vagnar eru reknir af Kynnisferðum og 23 af Hagvögnum.

Nokkrir áhersluþættir úr stefnum Strætó í umhverfis- og öryggismálum:

- Að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi fyrir starfsmenn og þjónustuaðila Strætó.
- Að innleiða notkun á vistvænum orkugjöfum eða orkutækni.
- Að aukinn verði hlutur úrgangs sem fer til endurvinnslu og endurnýtingar.
- Að meta umhverfisáhrif vegna breytinga á leiðakerfinu.
- Að taka tillit til umhverfissjónarmiða við innkaup á vörum og þjónustu og að innleiða vistvæn innkaup.
- Að upplýsa almenning um ávinning almenningsgangna og stuðla þannig að aukinni notkun þeirra.
- Að tryggja að starfsmenn fái nauðsynlega þjálfun til þess að geta sinnt viðkomandi starfi og séu upplýstir um umhverfis- og öryggismarkmið fyrirtækisins.
- Að sömu kröfur séu gerðar í málaflokknum hjá öllum sem sinna akstri á vegum Strætó bs.

Eldsneytisnotkun og losun gróðurhúsalofttegunda

Eldsneyti 2014		Heildarnotkun	Fjöldi	Notkun á vagn	Eknir km	Notkun á 100 km	Losun ígildi CO ² (tonn)	Losun CO ² kg/km
Díesel	lítrar	2.318.347	78	29.722	5.179.993	45	5768	1,11
Metan	m ³	48.580	2	23.290	67.644	69	92*	1,36

Eldsneyti 2015		Heildarnotkun	Fjöldi	Notkun á vagn	Eknir km	Notkun (á 100 km)	Losun ígildi CO ² (tonn)	Losun CO ² kg/km
Díesel	lítrar	2.447.441	91	26.894	5.762.999	42,42	5.892	0,85
Metan	m ³	38.623	2	19.311	53.098	72,74	72,22	1,37

Eldsneyti 2016		Heildarnotkun	Fjöldi	Notkun á vagn	Eknir km	Notkun (á 100 km)	Losun ígildi CO ² (tonn)	Losun CO ² kg/km
Díesel	lítrar	2.391.062	90	26.567	5.770.437	41,4	5.756	0,83
Metan	m ³	38.617	2	19.308	54.398	70,99	72,22	1,37

Eldsneyti 2017		Heildarnotkun	Fjöldi	Notkun á vagn	Eknir km	Notkun (á 100 km)	Losun ígildi CO ² (tonn)	Losun CO ² kg/km
Díesel	lítrar	2.303.337	87	26.475	5.478.924	42,04	5.545	0,96
Metan	m ³	29.096	2	14.548	53.252	54,64	54,41	1,02
Metan II*	m ³	2.959	1	2.959	7.083	41,78	5,53	0,78

*Metan II - Vagn frá Iveco í prufuakstri í júlí og ágúst 2017

Akstursaðili	Heildarolíunotkun lítrar	Fjöldi vagna	Notkun á vagn	Eknir km	Notkun (á 100 km)
Strætó bs.	2.303.337	87	26.475	5.478.924	42,04
Hagvagnar	605.991	23	26.347	1.379.924	43,91
Kynniferðir	1.088.294	40	27.207	2.914.486	37,34
Samtals	3.997.622	150	26.677	9.773.334	41,10

Taflan sýnir heildarolíunotkun og heildarakstur dieselvagna sem aka á höfuðborgarsvæðinu á vegum Strætó.

Úrgangur

Hjá Strætó bs. er leitast við að lágmarka úrgang eins og kostur er. Árlega er árangur síðasta árs metinn og markmið sett um að auka hlutdeild endurvinnanlegs úrgangs á kostnað þess úrgangs sem fer til urðunar. Niðurstöður ársins 2017 sýna að enn má gera betur í þessum málaflokki þó svo að minna sé skilað af blönduðum úrgangi eða rúmlega 8% minna en árið 2016. Þá var tæplega 34% minna skilað af endurvinnanlegum úrgangi en árið áður en tæplega 23% meira skilað af spilliefnum en árið 2016. Á heildina litið var minna um skil á úrgangi frá Strætó á árinu.

		2014	CO ₂ (tonn)	2015	CO ₂ (tonn)	2016	CO ₂ (tonn)	2017	CO ₂ (tonn)
Blandaður úrgangur	kg	33.749		18.460		29.548		27.001	
Til urðunar samtals	kg	33,749	16,8	18.460	9,18	29.548	14.69	27.001	13,43
Úrgangur til endurvinnslu									
• Garðaúrgangur	kg	0		0		0		0	
• Málmar/brotajárn	kg	13.973		17.860		12.720		12.380	
• Timbur	kg	1.450		860		2.400		1.280	
• Annað (plast, pappír, dagblöð/ tímarit)	kg	6.190		5.361		2.093		1.438	
• Hjólbarðar	kg	3.500		6.500		10.940		3.375	
Til endurvinnslu samtals	kg	25.113		30.581		28.153		18.473	
Spilliefni									
• Olía og olíumengað í fljótandi formi	lítrar	18.783		15.022		11.315		13.900	
• Olía og olíumengað í föstu formi	kg	2.153		652		518		1.323	
• Rafgeymar og rafhlöður	kg	2.432		2.492		2.076		3.239	
• Prentihylki	kg	92		40		15		3	
• Raftæki	kg	9		344		418		449	
• Perur/flúrperur	kg	56		67		14		8	
• Málning	kg			10		0		0	
Spilliefni samtals:	lítrar	18.783		15.022		11.315		13.900	
Spilliefni samtals	kg	4.742		3.605		3.041		5.019	

*Losun reiknuð samkvæmt upplýsingum í skýrslu Umhverfissráðuneytis (2009): Möguleikar til að draga úr nettóstreymi gróðurhúsalofttegund á Íslandi.

Efnanotkun

Á undanförunum árum hefur Strætó séð mengunartölur lækka ár frá ári og leitast við að minnka efnanotkun. Árið 2017 sker sig þó úr og hækka allar tölur í málaflokknum. Ástæðan er rakin til ýmissa þátta og hefur tíðarfar og aldursamsetning vagnaflotans þar mest að segja.

	Eining	2014	Á vagn	2015	Á vagn	2016	Á vagn	2017	Á vagn
Forsendur:									
• Vagnafjöldi		80		93		92		89	
• Eknir km:		5.247.637		5.816.097		5.770.437		5.539.259	
Smurolía									
• Verkstæði	lítrar	6.094	76,18	6.739	72,46	4.925	53,53	6.680	75,06
• Þvottastöð Ábætt	lítrar	3.591	44,89	2.468	26,53	2.658	27,91	2.783	31,27
Samtals		9.685	121,06	9.207	98,99	7.493	81,44	9.463	106,33
• Lítrar per 100 km		0,1846		0,1586		0,1298		0,1708	
Önnur efni									
• Tjöruleysir	lítrar	5.880	73,50	5.800	62,36	8.000	86,95	9.600	107,87
• Þvottaefni	lítrar	3.035	37,94	2.281	24,52	1.680	18,26	2.040	22,92
• Frostlögur	lítrar	4.945	61,81	4.943	53,15	4.160	45,22	5.598	62,90
Hjólbarðar									
• Fjöldi alls:		443		589		425		460	
• Sólaðir		309		362		280		314	
• Nýir		134		227		145		146	
• Fj. per 100 km		0,0084		0,0101		0,0074		0,0083	

Euro staðlar vagnflotans

Einn nýr vagn bættist við vagnaflota Strætó á árinu og teljast nú 29 vagnar sem falla undir hæstu staðlatölu Euro staðalsins, eða Euro 6. Því hærri sem staðlatalan er því betri teljast mengunarvarnir vagnanna og vænni kostur fyrir umhverfið. Vagnafloti Strætó var þremur vögnum færri en árið á undan og fækkað var um þrjú vagna í Euro 4 flokknum og einn í Euro 3 flokknum.

Euro staðlar	Vagnar 2013	Vagnar 2014	Vagnar 2015	Vagnar 2016	Vagnar 2017
6	0	0	20	28	29
5	13	13	13	14	14
4	8	8	8	7	5
3	34	34	32	24	23
2	23	23	20	19	18
1	0	0	0	0	0
0	2	2	0	0	0
Samtals:	80	80	93	92	89

Orku- og vatnsnotkun

		2014 Heildar-notkun	Á vagn á ári	2015 Heildar-notkun	Á vagn á ári	2016 Heildar-notkun	Á vagn á ári	2017 Heildar-notkun	Á vagn á ári
Þvottastöð									
• Rafmagn	Kwh	144.240	1.803	145.080	1.560	164.080	1.783	167.360	1.880
• Heitt vatn	m³	11.381	142	13.923	149	12.242	133	16.206	182
• Kalt vatn	m³	10.052	126	9.810	105	8.084	88	8.323	94
Aðalhús									
• Rafmagn	Kwh	732.393	9.155	731.353	7.864	665.923	7.238	626.278	7.037
• Heitt vatn	m³	46.930	587	28.438	305	58.851	640	49.869	560
• Kalt vatn	m³	1.060	13	2.710	29	1.019	11	1.108	12
Samtals									
• Rafmagn	Kwh	876.633	10.958	876.433	9.424	830.003	9.022	793.638	8.917
• Heitt vatn	m³	58.311	729	42.361	455	71.093	773	66.075	742
• Kalt vatn	m³	11.112	139	12.520	134	9.103	99	9.431	106

Slys og tjón

Strætó er umhugað um að tryggja öryggis starfsmanna, farþega og almennings og leggur áherslu á að efla öryggis- menningu jafnt og þétt. Regluleg endurmenntun og fræðsla starfsmanna skiptir þar miklu máli svo vel takist til en um er að ræða langtímaverkefni sem stöðugt þarf að fylgja eftir. Strætó hefur unnið með VÍS að verkefni sem miðar að því að auka öryggisvitund starfsmanna og að lágmarka slys og tjón sem hægt er að stýra með beinum hætti.

Ár	Fjöldi tryggingatjóna	Rétti/ órétti	Upphæð tryggingatjóna (þús. kr)	Fjöldi annarra tjóna	Upphæð annarra tjóna (þús. kr)	Samtals fjöldi tjóna	Heildar- kostnaður allra tjóna (þús. kr)
2014	97	61/36	23.563,-	149	25.217,-	246	48.780,-
2015	109	59/50	19.818,-	127	29.401,-	236	49.219,-
2016	100	61/39	25.660,-	92	20.667,-	192	46.327,-
2017	103	55/48	30.822,-	87	17.726,-	190	48.548,-

*Fjöldi og kostnaður aksturstrjóna getur verið breytilegur á milli ára og getur aksturshlutfall, umferðarpungur, aðstæður í gatnakerfi og veðurfar á meðal annarra þátta haft þar áhrif á.

Skráðum atvikum og slysum á farþegum Strætó hefur farið fækkandi á síðustu árum. Heildarfjöldi tilkynntra slysa til tryggingafélags voru 14 en þess má geta að Strætó hefur ekki upplýsingar um slys sem tilkynnt eru til annarra tryggingafélaga. Slys sem tilkynnt eru til tryggingafélags teljast þau slys sem sannarlega hafa orðið að máli og teljast mögulega bótaskyld. Strætó tekur þó á móti tilkynningum og ábendingum um ýmis slys í gegnum ábendingakerfi sitt og fylgir þeim eftir. Heildarfjöldi slysa að meðtöldum þeim sem tilkynnt eru til tryggingafélaga eru 18 talsins.

Ár	Heildarfjöldi	Fall úr sæti	Árekstur	Í og úr vagni	Aksturslag	Hurðaslys	Annað	Þar af til VÍS*
2014	58	10	6	5	6	16	15	23
2015	46	7	3	1	25	7	3	19
2016	36	27	0	3	0	4	2	26
2017	18	3	1	0	0	5	9	14

*Atvik tilkynnt til tryggingafélags Strætó bs.

Vinnuslys

Skráð vinnuslys hjá Strætó á árinu 2017 voru 13 sem er hækkun frá fyrra ári. Öryggisnefnd Strætó fer yfir skráð vinnuslys ásamt því að meta tilvik þar sem slys hefði getað orðið. Á árinu 2016 mátti rekja flest slysa til hálkuslysa en greining ársins 2017 sýnir meiri fjölbreytileika í tegundum vinnuslysa, s.s. til háлку, lélegt undirlags á götum og slysa á verkstæði. Strætó vill lágmarka slys og sporna við slyshættu hvar sem er í starfsemi fyrirtækisins og því ljóst að auka þarf við fræðslu og vitund í málaflokknum til að lækka tölur aftur.

Ár	Heildarfjöldi
2014	4
2015	13
2016	8
2017	13



Ársreikningur 
Strætó 2017

Skýrsla og áritun stjórnar

Strætó bs. er byggðasamlag og er tilgangur þess að sjá um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Eigendur byggðasamlagsins eru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavík (60,30%), Kópavogur (14,60%), Hafnarfjörður (12,50%), Garðabær (6,24%), Mosfellsbær (4,07%) og Seltjarnarnes (2,29%).

Rekstrarafgangur Strætó ársins 2017 var um 10,4 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Á árinu hækkaði handbært fé um 19,2 m.kr. og er handbært fé í lok tímabilsins 926,1 m.kr. Gert er ráð fyrir að fjárfestingar á næstu árum verði fjármagnaðar með handbæru fé.

Eigið fé í lok tímabilsins nam um 1.896,4 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi og var eiginfjárlutfallið 64%, en að öðru leyti er vísað í skýringu í ársreikningi er varða breytingu á eigin fé.

Á árinu 2017 er gjaldfært um 254 m.kr. vegna framlags til Brúar lífeyrissjóðs. Nánari upplýsingar er varðar framlag í Brú lífeyrissjóð er að finna í skýringu nr. 16.


Í síðustu þremur örútboðum, sem eru gerð á grundvelli rammasamnings um endurnýjun strætisvagna, hefur niðurstaðan við mat á tilboðum verið að kaupa rafmagnsvagna frá Yutong Eurobus ehf. Samtals er búið að festa kaup á 14 rafmagnsvögnum fyrir um 900 m.kr., þar af er búið að greiða um 171 m.kr. vegna þeirra. Töluverðar tafir hafa verið á afhendingu vagnanna en nú er gert ráð fyrir að fyrstu fjórir vagnarnir verði afhentir í mars 2018.

Í september 2017 var kveðinn upp dómur í Hæstarétti Íslands í máli sem höfðað var á hendur Strætó af aðila sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2010, þar sem dæmt var stefnanda í vil, sekt ásamt vöxtum og dráttarvöxtum hefur verið greidd.

Reykjavík, 9.mars 2018

Stjórn:


F.h. Reykjavíkurborgar



F.h. Kópavogsbæjar



F.h. Garðabæjar




F.h. Hafnarfjarðarbæjar



F.h. Mosfellsbæjar



F.h. Seltjarnarnesbæjar



Framkvæmdastjóri:



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eiganda Strætó bs.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Strætó bs. („félagið“) fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2017 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og víðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum ársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningssskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 9. mars 2018

Arni Claessn

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	Rauntölur 2017	Rauntölur 2016	Fjárhagsáætlun 2017
Rekstrartekjur				
Fargjöld		1.889.652	1.820.595	1.935.711
Rekstrarframlög eignaraðila		3.226.409	3.031.685	3.183.394
Ríkisframlag	14	889.560	889.560	889.560
Akstursþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra	2	1.522.336	1.537.799	1.583.490
Aðrar tekjur	3	212.610	197.740	185.775
		7.740.566	7.477.379	7.777.930
Rekstrargjöld				
Rekstrarsvið	5	5.182.121	4.766.743	5.242.007
Samrekstur	6	857.972	812.291	750.852
Akstursþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra	2	1.522.336	1.537.799	1.583.490
		7.562.428	7.116.833	7.576.349
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		178.138	360.546	201.581
Afskriftir	7	190.033	193.173	210.473
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		(11.895)	167.373	(8.892)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur		27.479	24.349	15.572
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(5.198)	(12.053)	(4.000)
		22.281	12.297	11.572
Rekstrarniðurstaða		10.387	179.669	2.680

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	2017	2016
Fastafjármunir			
Varanlegir fastafjármunir:			
Strætisvagnar og önnur ökutæki		1.361.097	1.293.142
Fasteignir		98.084	100.499
Innréttingar, áhöld og tæki		75.180	78.859
Hugbúnaður		49.785	48.319
		<hr/>	<hr/>
Veltufjármunir			
Birgðir	8	92.116	92.102
Skammtímakröfur			
Viðskiptakröfur	9	330.608	314.395
Aðrar skammtímakröfur	10	22.501	27.907
Handbært fé		926.089	906.878
		<hr/>	<hr/>
	Fastafjármunir	1.371.315	1.341.281
		<hr/>	<hr/>
	Eignir samtals	2.955.461	2.862.100

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

31. desember 2017

Eigið fé og skuldir	Skýr.	2017	2016
Eigið fé			
Framlag eigenda		900.018	900.018
Óráðstafað eigið fé		996.382	985.995
Eigið fé	12	1.896.400	1.886.013
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir		22.579	126.173
Næsta árs afborganir		(22.579)	(103.759)
Langtímaskuldir	13	0	22.414
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		437.558	443.443
Næsta árs afborganir langtímalána	13	22.579	103.759
Ógreitt framlag til Brúar lífeyrissjóðs	16	254.397	0
Aðrar skammtímaskuldir	11	344.527	406.472
Skammtímaskuldir samtals		1.059.061	976.088
Eigið fé og skuldir samtals		2.955.461	2.862.100

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Sjóðstreymisyfirlit árið 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða ársins	12	10.387	179.669
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
• Afskriftir	7	190.033	193.173
• Verðbætur og gengismunur		224	2.146
• Aðrir liðir		0	328
Veltufé frá rekstri		200.643	375.316
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda			
• Birgðir, (hækkun) lækkun		(14)	(18.232)
• Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		(10.807)	138.427
• Skammtímaskuldir, hækkun		186.567	115.243
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		175.746	235.438
Handbært fé frá rekstri		376.389	610.754
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	7	(253.359)	(117.342)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		0	1.620
Fjárfestingarhreyfingar		(253.359)	(115.722)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána		(103.818)	(102.357)
Fjármögnunarhreyfingar		(103.818)	(102.357)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		19.211	392.675
Handbært fé í ársbyrjun		906.878	514.203
Handbært fé í lok ársins		926.089	906.878

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Strætó bs. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis við endurflokkun rekstraraðila.

b. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

c. Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2017. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags. Áfallinn gengismunur, vextir og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikninginn.

d. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á þjónustu og vöru eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Innheimt rekstrarframlög og tekjur vegna sölu á miðum og kortum eru tekjufærðar í samræmi við innborganir.

e. Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann myndast.

f. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

- | | |
|----------------------------------|----------|
| • Fasteign | 50 ár |
| • Strætisvagnar og önnur ökutæki | 10-13 ár |
| • Innréttingar, áhöld og tæki | 3-10 ár |
| • Hugbúnaður | 4 ár |

g. Birgðir

Rekstrarvörubirgðir í lok ársins eru metnar á innkaupsverði.

h. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

i. Tekjuskattur

Bygðasamlagið er undanþegið tekjuskattsskyldu.

j. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

2. Akstursþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra

Tekjur	2017	2016
Framlag sveitarfélaga	1.436.290	1.457.122
Fargjöld notenda	86.046	80.676
	1.522.336	1.537.799

Gjöld

Aðkeyptur akstur	1.515.678	1.530.006
Laun og launatengd gjöld - aðstoðarfólk í skólaakstri	6.657	7.792
	1.522.336	1.537.799

Verktakar annast allan akstur akstursþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra. Allur bein kostnaður við akstur umfram fargjöld notenda er greiddur af sveitarfélögum.

3. Aðrar tekjur	2017	2016
Þóknun - akstursþjónusta	78.856	77.491
Þóknun - landsbyggðin	99.318	96.927
Aðrar tekjur	34.437	23.322
	212.610	197.740

4. Laun og launatengd gjöld

Laun	1.857.901	1.793.672
Mótframlag í lífeyrissjóð	246.076	244.572
Tryggingagjald	142.749	142.978
Önnur launatengd gjöld	39.294	37.231
Gjaldfært framlag til Brúar lífeyrissjóðs	254.397	0
Breyting á áunnu, ógreiddu orlofi	15.587	(753)
	2.556.003	2.217.700

Meðalföldi stöðugilda á árinu 242 250

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins námu alls um 39,0 m.kr. á árinu. Í lok ársins störfuðu 284 manns hjá Strætó bs.

5. Rekstrarsvið

Laun og launatengd gjöld	1.870.682	1.817.502
Gjaldfært framlag til Brúar lífeyrissjóðs	206.743	0
Aðkeyptur akstur	2.184.775	2.057.073
Annar rekstrarkostnaður	812.716	779.252
Húsnæðiskostnaður	107.204	112.916
	5.182.121	4.766.743

6. Samrekstur

Laun og launatengd gjöld	424.267	392.406
Gjaldfært framlag til Brúar lífeyrissjóðs	47.653	0
Annar rekstrarkostnaður	386.052	419.886
	857.972	812.291

Undir samrekstur heyrir skrifstofu- og stjórnunarkostnaður, þar með talið þjónustuver sem þjónar bæði akstursþjónustu fatlaðra og farþegum strætó og skipulagssviði.
Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna.

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Strætisvagnar og önnur ökutæki	Fasteignir	Innréttingar, áhöld og tæki	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2017	2.596.766	120.773	180.752	70.264	2.968.555
Afskrifað áður	(1.303.624)	(20.274)	(101.893)	(21.945)	(1.447.736)
Bókfært verð 1.1.2017	1.293.142	100.499	78.859	48.319	1.520.819
Viðbót á tímabilinu	209.299	0	23.341	20.719	253.359
Afskrifað á tímabilinu	(141.344)	(2.415)	(27.021)	(19.253)	(190.033)
Bókfært verð 31.12.2016	1.361.097	98.084	75.180	49.784	1.584.146
Afskriftarhlutföll	8-13%	2%	10-33%	25%	
	Fasteignamat	Vátryggingar verðmæti	Bókfært verð		
Pönglabakki 4	69.400	110.645	98.084		

Vátryggingaverðmæti áhalda og tækja nam samtals um 142,6 m.kr. í árslok 2017, bókfært verðmæti áhalda og tækja var um 75,1 m.kr. í árslok.

Vátryggingaverðmæti strætisvagna nam samtals um 1.556,7 m.kr. í árslok 2017, bókfært verðmæti vagna í lok ársins var um 1.361,1 m.kr.

8. Vörubirgðir

	2017	2016
Olía	20.763	17.424
Varahlutir	81.353	84.678
Niðurfærsla birgða	(10.000)	(10.000)
	92.116	92.102
Vátryggingaverðmæti birgða	101.084	101.600

Birgðir hafa verið niðurskrifaðar um 10 m.kr., sem nemur um 13% af birgðum í árslok.

9. Viðskiptakröfur

	2017	2016
Viðskiptamenn	262.980	250.323
Viðskiptamenn - Ferðapjónusta fatlaðra	18.814	16.733
Greiðslukortafyrirtæki og aðrar skammtímakröfur	56.213	54.739
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(7.400)	(7.400)
	330.608	314.395

Viðskiptakröfur hafa verið niðurskrifaðar um 7,4 m.kr., sem nemur um 2% af viðskiptakröfum félagsins í lok tímabilsins.

10. Aðrar skammtímakröfur

Fyrirframgreiddur kostnaður og fjárfestingar	15.493	22.732
Endurgreiðsla virðisaukaskatts	7.009	5.174
	22.501	27.907

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

11. Aðrar skammtímaskuldir

	2017	2016
Áunnið ógreitt orlof	137.844	122.299
Ógreidd laun og launatengd gjöld	130.639	129.899
Aðrar skammtímaskuldir	76.043	154.274
	344.527	406.472

12. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga	Eiginfjárframlag rekstraraðila	Óráðstafað eigið fé	Samtals	
Eigið fé 1.1.2017	900.018	985.995	1.886.013	
Rekstrarhagnaður ársins		10.387	10.387	
Staða 31.12.2017	900.018	996.382	1.896.400	
	Eignarhlutur			
Garðabær	6,24%	56.161	62.174	118.335
Hafnarfjörður	12,50%	112.502	124.548	237.050
Kópavogur	14,60%	131.403	145.472	276.874
Mosfellsbær	4,07%	36.631	40.553	77.183
Reykjavík	60,30%	542.711	600.818	1.143.529
Seltjarnarnes	2,29%	20.610	22.817	43.428
	100,00%	900.018	996.382	1.896.400

13. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

	Vextir	
Arionbanki hf., verðtryggt	4,50%	10.495
Íslandsbanki hf., óverðtryggt	6,60%	12.084
		22.579

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu árum:

1.1.2018 - 31.12.2018	22.579
	22.579

14. Ríkisframlag

Í maí 2012 var áritaður samstarfssamningur milli ríkissjóðs og eigenda Strætó bs. og eru markmið og tilgangur samningsins m.a. eftirfarandi:

- Að tvöfalda a.m.k hlutdeild almenningssamgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu
- Að vinna að lækkun á samgöngukostnaði heimila og samfélagsins vegna umferðar og slysa
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi
- Að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landsamgöngum

Til að ná fram markmiðum samningsins mun Strætó bs. fá mánaðarlegt framlag frá ríkissjóði fram til ársins 2022.

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

15. Tengdir aðilar

Skilgreining á tengdum aðilum.

Eignaraðilar og félög tengd þeim, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins:

Hluti af þeim aðilum sem skilgreindir eru sem tengdir aðilar eiga almenn viðskipti við félagið. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila og eru þessi viðskipti því flokkuð sem slík.

16. Uppgjör við Brú lífeyrissjóð

Uppgjör Strætó við Brú lífeyrissjóð er tilkomið vegna breytinga á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna sem samþykkt voru á Alþingi með lögum nr. 127/2016. Meðal breytinga er að ávinnsla lífeyrisréttinda í A-deildum LSR og Brúar verður aldurstengd en ekki jöfn og lífeyristökualdur hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við framangreindar breytingar eru réttindi virkra sjóðfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Framlagið nemur samtals 1.035,9 m.kr. þar sem 254,4 m.kr. hafa verið gjaldfærðar á árinu 2017, þ.e. allt framlagið í jafnvægisjóðinn 238,1 m.kr., 14 m.kr. af framlaginu í lífeyrisaukasjóðinn og 2,3 m.kr. af framlaginu í varúðarsjóðinn.

Heildarframlagið í sjóðinn er þrískipt og skiptist framlag Strætó á eftirfarandi hátt:

- 238,1 m. kr. framlag í jafnvægisjóð sem ætlað er að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi
- 720,3 m. kr. framlag í lífeyrisaukasjóð til að mæta framtíðarskuldbindingum vegna lífeyrisauka
- 77,5 m. kr. framlag í varúðarsjóð sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð

Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 sem heimilar að fyrirframgreiðslu í lífeyrisaukasjóð sé gjaldfærð með jöfnum fjárhæðum á 30 árum og framlagið í varúðarsjóð með jöfnum fjárhæðum á 20 árum.

Greiðsludagur heildarframlagsins var 1. mars 2018. Fjármögnun framlagsins er að langstærstum hluta með láni frá Lánasjóði sveitarfélaga eða 1 milljarð króna til allt að 38 ára.

17. Önnur mál

Höfðuð hafa verið tvö mál á hendur Strætó bs. fyrir héraðsdómi af aðilum sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2010.

Í fyrra málinu krafðist stefnandi viðurkenningar á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintrar ólögmetrar og saknæmrar háttsemi við framkvæmd útboðsins. Dómur í málinu var kveðinn upp í Hæstarétti Íslands 1. júní 2017, þar sem dómur Héraðsdóms var staðfestur, þ.e. réttur stefnanda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna missis hagnaðar og kostnaðar vegna þátttöku í forvali var viðurkenndur. Á árinu var gjaldfærð varúðarfærsla vegna framangreinds máls.

Í seinna málinu var dómur Hæstaréttar kveðinn upp 21. september 2017 þar sem dómur Héraðsdóms frá 16. júní 2016 var staðfestur. Héraðsdómur taldi skilyrðum skaðabótaábyrgðar vera fullnægt í málinu en taldi ætlað fjártjón stefnanda vegna missis hagnaðar nema 100 m.kr. Sekt ásamt vöxtum og dráttarvöxtum hefur verið greidd.

Nokkrir rammasamningshafar í akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna hafa kært Strætó til kærunefndar útboðsmála. Í málinu var þess krafist að kærunefndin láti í ljós álit sitt á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintra brota gegn skilmálum rammasamnings við framkvæmd akstursþjónustunnar. Kærunefnd útboðsmála úrskurðaði 21. júní 2016 að Strætó hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt rammasamningi við forgangsroðun rammasamningshafa við framkvæmd akstursþjónustunnar og kaup á akstursþjónustu af aðilum utan rammasamnings. Lét kærunefndin í ljós það álit að Strætó væri skaðabótaskyld gagnvart kærendum, en engin afstaða var tekin til umfangs hugsanlegs fjártjóns kærenda. Niðurstaða kærunefndar hefur verið til skoðunar en engin niðurstaða komin.

Besta 
leidiin